

6. gr.

Hunda sem ganga eftirlitslausir á Hólum skal handsama og taka úr umferð. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og heimilt er að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef þeirra er vitjað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en afhending fer fram. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

II. Kattahald.

7. gr.

Kattahald er óheimilt á Hólum, sbr. svæðið sem kveðið er á um í 1. gr.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita tímabundna undanþágu til að hafa kött til að halda niðri músangangi, en þó skal þess gætt að hann valdi ekki truflunum á fuglalífi á staðnum.

III. Þvingunarúrræði og gildistaka.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hólahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

IV. Umpóttunartími.

Þeir íbúar Hólastaðar sem hafa ketti 1. maí 1995 geta sótt um leyfi til að hafa viðkomandi ketti meðan þeir lifa. Sækja verður um leyfi fyrir hunda sem eru á staðnum innan þriggja mánaða frá birtingu samþykktar þessarar.

Umhverfisstjórnuneytið, 4. maí 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um
Evrópska efnahagssvæðið vegna samsettra flutninga.**

1. gr.

Eftirtaldir EES-gerðir sem vísað er til í I. kafla um flutninga á landi í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII-viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 11 í XIII. viðauka).
Ásamt breytingum:
 1. 172B Lög um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálanum.
 2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1473/75 frá 20. maí 1975.
 3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1658/82 frá 10. júní 1982.
 4. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 110/89 frá 27. apríl 1989.
 5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3578/92 frá 7. desember 1992.
2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 frá 21. desember 1989 um afnám eftirlits á landmærum aðildarríkjanna vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 12 í XIII. viðauka).
Ásamt breytingum:
 1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3356/91 frá 7. nóvember 1991.
3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3912/92 frá 17. desember 1992 um eftirlit innan bandalagsins á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum með samgöngutækjum sem eru skráð eða tekin í notkun í þriðja landi. (Kemur sem nýr liður í viðaukann: nr. 12.a í XIII. viðauka).
4. Tilskipun ráðsins nr. 92/106/EBE frá 7. desember 1992 um setningu sameiginlegra reglna fyrir tiltekna tegundir samsettra vöruflutninga milli aðildarríkja. (Kemur í stað 13. liðar XIII. viðauka).
5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4058/89 frá 21. desember 1989 um ákvörðun flutningsgjalda í vöruflutningum á vegum milli aðildarríkja. (Nr. 27 í XIII. viðauka).
6. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands, á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 36 í XIII. viðauka.)
7. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69 frá 26. júní 1969 um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 4 í XIII. viðauka). Ásamt síðari breytingum.
8. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 11/60 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Nr. 6 í XIII. viðauka).
Ásamt breytingum:
 1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3626/84 frá 19. desember 1984.

2. gr.

Framangreindar gerðir eru birtar í C-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 33/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.